



Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu

601 Akureyri

Iceland

Garðabær, 20.6.2025

Málsnúmer: 202505-0047

SS

**Efni: Endurskoðun Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 – tillaga á vinnslustigi.**

Vísað er í tölvubréf frá Svalbarðsstrandarhreppi, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 23. maí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi um nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulagsins þann 6. mars 2024. Stofnunin hefur nú kynnt sér vinnslutillöguna og gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagstillöguna sem er í það heila ítarleg og vönduð.

Tekið er undir niðurstöðu umhverfismatsskýrslu um að stækkun efnistökusvæðis og heimildir til skógræktar hafi helst áhrif á lífríki og landslag. Æskilegt er að við útfærslu deiliskipulags og áður en til framkvæmda kemur, sé skoðað betur náttúrufar þeirra svæða sem verða fyrir raski eða breytingum þ.m.t. gróðurfari og fuglalífi. Þá ætti að horfa til mótvægisáðgerða svo sem uppgræðslu eins og við á þar sem gróðurþekju hefur verið raskað t.d. vegna efnistöku. Mikilvægt er að fylgjast með og koma í veg fyrir sjálfssáningu skógræktartegunda eins og stafafuru sem þekkt er að geta dreift sér hratt, út fyrir skilgreind skógræktarsvæði.

Vert er að ítreka ábendingar sem komu fram í umsögn um skipulagslýsingu þar sem bent er á að við allar framkvæmdir sé hugað að því að forðast rask á náttúruminum sem njóta verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þ.m.t. votlendi og fossar og að í sveitarfélaginu hafa fundist sjaldgæfar plöntur sem eru friðaðar skv. auglýsingu nr. 1385/2021 og/eða eru á valista. Við skipulagsáform við og í næsta nágrenni við fundarstaðina þarf að tryggja verndun þessara tegunda og mælt er með að eiga frekara samráð við Náttúrufræðistofnun um þetta atriði.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar